



Borgarráð

Reykjavík, 8. janúar 2025

MSS24120080

## Úthlutun úr minningarsjóði Gunnars Thoroddsen

Þann 8. janúar 2025 var úthlutað úr Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen í 38. sinn og var það Dagbjört Andrésdóttir, sem hlaut styrk fyrir verkefnið Acting normal with CVI/Fyrir allra augum sem er heimildarmynd um heilatengda sjónskerðingu. Styrkur úr sjóðnum er 750.000 kr. en fjölskylda Gunnars Thoroddsen leggur jafnframt sjálf til 250.000 kr. sem gerir heildarfjárhæð til verkefnisins 1.000.000 kr.

### *Greinargerð:*

Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen (f.29.12.1910, d. 1983) var stofnaður af hjónunum Bentu og Valgarð Briem þann 29. desember 1985 þegar liðin voru 75 ár frá fæðingu Gunnars. Sjóðurinn er í vörslu borgarstjórans í Reykjavík, sem ákveður úthlutun úr honum að höfðu samráði við börn Gunnars Thoroddsen. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til einstaklinga, hópa, stofnana eða félaga, eða veita verðlaun eða lán í sambandi við rannsóknir, tilraunir eða skylda starfsemi á sviði mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála, sem Gunnar Thoroddsen lét sérstaklega til sín taka sem borgarfulltrúi og borgarstjóri. Alls hafa 39 einstaklingar, hópar eða félagasamtök fengið styrki úr sjóðnum frá upphafi hans. Þann 27. september 2017 var samþykkt í borgarráði að efla sjóðinn með það að markmiði að sjóðurinn standi undir áframhaldandi úthlutunum í samræmi við stofnskrá hans. Þann 8. janúar var úthlutað úr sjóðnum í 38. sinn og var það Dagbjört Andrésdóttir, sem hlaut styrk fyrir verkefnið Acting normal with CVI/Fyrir allra augum sem er heimildarmynd um heilatengda sjónskerðingu.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri



Reykjavík